

Gátlisti við upphaf starfa á lyflækningasviði LSH fyrir námslækna í heimilislækningum

Ég hef kynnt mér:

- Skipulag og stjórnun framhaldsnámsins í lyflækningum
- Heimasíðu framhaldsnáms í lyflækningum
- Markmið sem marklýsing fyrir sérnám í heimilislækningum tiltekur sem mikilvæg atriði hvað varðar lyflækningar
- Þau matsblöð sem ætlast er til að námslæknar í heimilislækningum skili á lyflækningasviði
- Reglulega fræðslufundi
- Góða starfshætti lækna og sáttmála lækna.
- Uppbyggingu vaktalista og námsvista
- Hvernig á að tilkynna veikindi og önnur forföll, sækja um ráðstefnuferðir og orlof
- Að skila á skriflegum matsblöðum til kennslustjóra í lyflækningum
- Þau rafrænu kerfi sem notað eru við vinnu á lyflækningasviði: Heilsugátt (nýjustu leiðbeiningar á heimasíðu LSH), Sögu, Therapy, Vinnustund og fleira.

Passa að hafa fullgilt ALS skírteini við upphaf starfa.

Það er sérnámslækna að sjá til þess að fundir með kliniskum handleiðara séu haldnir í byrjun, um miðbik og við lok hverrar fjögurra mánaða vistar og að áætlun um námsframvindu (PDP) sé gerð fyrir hvert fjögurra mánaða tímabil.

Í lok tímabilsins á lyflækningasviði mun fara fram stöðumat sem byggir á upplýsingum úr starfstengdu mati, umsögnum sérfræðilækna og umsögnum handleiðara. Lokaskýrslu verður skilað til kennslustjóra í Heimilislækningum.